

GJALDSKRÁ

fyrir norræna umhverfismerkið, Svaninn.

1. gr.
Gildissvið.

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald vegna notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum samkvæmt reglugerð um umhverfismerki nr. 525/2006.

2. gr.
Umsóknargjald og endurnýjunargjald, notkun hérlandis.

Umhverfisstofnun innheimtir umsóknargjald og endurnýjunargjald fyrir leyfi til notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum hér á landi skv. 10. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Gjaldið er eftirfarandi:

- a) Fyrir lítil fyrirtæki 150.000 kr. Gjaldið gildir fyrir fyrirtæki með minna en 10 starfsmenn/ársverk og heildarveltu undir 200 m. kr.
- b) Fyrir önnur fyrirtæki en skv. a-lið 300.000 kr.
- c) Fyrir endurnýjun 150.000 kr. en þó 75.000 kr. fyrir lítil fyrirtæki skv. a-lið hafi fyrirtækið sótt um endurnýjun leyfis vegna nýrra viðmiða áður en leyfi þess rennur út. Við endurnýjun leyfis vegna nýrra viðmiða í öðrum tilvikum skal greiða gjald samkvæmt a- eða b-lið.

Umsóknar- og endurnýjunargjald greiðist þegar umsókn er lögð fram, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Heimilt er að innheimta viðbótargjald vegna kostnaðar við nauðsynlegar prófanir og sannprófanir, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Kostnaður vegna nauðsynlegra úttekta sem fram fara á öðrum Norðurlöndum er gjaldfrjáls en innheimt er vegna slíkra úttekta sem fram fara utan Norðurlandanna.

Skrásetning leyfis hér á landi fyrir vörur eða þjónustu, sem fengið hafa norræna umhverfismerkið á öðrum Norðurlöndum, er gjaldfrjáls.

3. gr.
Almennt árgjald, notkun hérlandis.

Umhverfisstofnun innheimtir árgjald vegna notkunar norræna umhverfismerkisins hér á landi. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af kostnaði við eftirlit, kynningu, fræðslu og rekstur merkisins ásamt þróun viðmiðunarreglna.

Árgjald vöru sem ber norræna umhverfismerkið er 0,3% af veltu vörunnar á ári. Árgjald þjónustu sem ber norræna umhverfismerkið er 0,15% af veltu þjónustunnar á ári.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er lágmarksárgjald 50.000 kr. og hámarksárgjald 2.500.000 kr. Hámarksárgjald fyrir fyrirtæki með fleiri en eina svansmerkta vörutegund eða þjónustu er 5.000.000 kr.

4. gr.
Sérstakt árgjald.

Þrátt fyrir 3. gr. greiða rekstraraðilar neðangreindra fyrirtækja árgjald skv. eftirfarandi reiknireglum:

- 1) Hótel og gististaðir:
0,15% af veltu ársins vegna gistingar.
Hámarksgjald fyrir hvert hótél og gististað er 550.000 kr.
- 2) Veitingastaðir:
0,15% af veltu ársins.
Hámarksgjald fyrir hvern veitingastað er 550.000 kr.
- 3) Fyrirtæki á sviði ræstinga og hreinsunar:
0,15% af veltu ársins.

Hámarksgjald fyrir hvert fyrirtæki á sviði ræstinga og hreinsunar er 550.000 kr.

4) Verslanir:

0,3% af framlegð ársins.

Hámarksgjald fyrir hverja verslun er 550.000 kr.

5) Prentsmiðjur:

a) 220 kr. á hvert tonn vegna innkaupa á pappír að 2.000 tonnum.

b) 130 kr. á hvert tonn vegna innkaupa á svansmerktum pappír að 2.000 tonnum.

c) 60 kr. á hvert tonn vegna innkaupa á pappír umfram 2.000 tonn.

Lágmarksgjald fyrir hverja prentsmiðju er 250.000 kr. og hámarksárgjald fyrir hverja prentsmiðju er 3.000.000 kr.

5. gr.

Breyting á leyfi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir breytingu á leyfi til notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum. Gjaldið er 40.000 kr.

6. gr.

Umsóknargjald og endurnýjunargjald, notkun hérlendis og erlendis.

Umhverfisstofnun innheimtir umsóknargjald og endurnýjunargjald fyrir leyfi til notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum hér á landi og í Noregi, Svíþjóð, Danmörku eða Finnlandi, skv. 10. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Gjaldið er eftirfarandi:

a) Fyrir lítil fyrirtæki 160.000 kr. Gjaldið gildir fyrir fyrirtæki með minna en 10 starfsmenn/ársverk og heildarveltu undir 200 m. kr.

b) Fyrir önnur fyrirtæki en skv. a-lið 320.000 kr.

c) Fyrir endurnýjun 160.000 kr., en þó 80.000 kr. fyrir lítil fyrirtæki skv. a-lið, hafi fyrirtækið sótt um endurnýjun leyfis vegna nýrra viðmiða áður en leyfi þess rennur út. Við endurnýjun leyfis vegna nýrra viðmiða í öðrum tilvikum skal greiða gjald samkvæmt a- eða b-lið.

7. gr.

Árgjald, notkun hérlendis og erlendis.

Umhverfisstofnun innheimtir árgjald vegna notkunar norræna umhverfismerkisins hér á landi og í Noregi, Svíþjóð, Danmörku eða Finnlandi.

Árgjald vöru sem ber norræna umhverfismerkið er 0,3% af veltu vörunnar á ári í þeim löndum þar sem hún er seld.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er lágmarksárgjald 240.000 kr. og 120.000 kr. fyrir lítil fyrirtæki og hámarksárgjald 16.000.000 kr.

8. gr.

Greiðsla reikninga.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Nr. 1295

30. desember 2011

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir norræna umhverfismerkið Svaninn, nr. 393/2010.

Umhverfissráðuneytinu, 30. desember 2011.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 2. janúar 2012